

# Stórhuga Íslendingar:

## Forsaga og upphaf íslenskrar þróunarsamvinnu

Kristín Loftsdóttir, prófessor Háskóla Íslands

### Útdráttur

Hugmyndin um þróunarhjálp til handa fátækari hlutum heimsins fékk hugmyndafræðilegt forræði um miðja 20. öld og þá sem leið til að skilja stöðu ólíkra hluta heimsins. Þrátt fyrir að deilt hafi verið um leiðir eða útfærslu að þróun, var sú hugmynd, að sumar þjóðir væru vanþróaðar og aðrar þróaðar, ekki gagnrýnd sem slík. Litið var á þróunarsamvinnustofnanir sem hlutlaus fyrirbæri sem hefðu yfir að ráða tæknilegri sérfræðiþekkingu sem færa myndi samfélög frá einu stigi þróunar yfir á annað. Söfnun upplýsinga til að staðsetja samfélög á þróunarskala náði til smæstu þátta mannlegs samfélags og gaf hugmyndinni um þróunarlönd áþreifanlegt inntak.

Í greinin er upphaf íslenskrar þróunarsamvinnu skoðað og leitast við að setja hana í samhengi við alþjóðlegar hugmyndir um þróunarsamvinnu. Umfjöllunin hefst á umræðu um mótun alþjóðlegrar þróunarsamvinnu út í hinum stóra heimi og hugmyndafræðilegt forræði hennar. Síðan er gerð grein fyrir því hvernig viðfangs-efnið „þróunarlönd“ birtist í íslensku samhengi á ákveðnu tímabili og hvernig má sjá áhrif frá alþjóðlegum straumum, sem endurspeglast meðal annars í auknum þrýstingi á stjórnvöld að hefja þróunarsamvinnu. Fyrstu skref stofnunarinnar *Aðstoð Íslands við þróunarlöndin* sem sett var á fót 1971 endurspeglar þó lítinn áhuga stjórnvalda á þróunarsamvinnu. Greinin varpar einnig ljósi á áhrif þessa alþjóðlegra straumar á Íslandi og hvernig þeir virkjuðu hluta þjóðarinnar í ákalli um mikilvægi þess að íslenska þjóðin sinnti þróunarsamvinnu.

**Lykilorð:** Þróunarsamvinna, þróunarlönd, þjóðernishyggja, yfirvald.

### Abstract

The idea of development gained hegemonic status in the middle of the 20th century as a way of understanding the relationship between different parts of the world. Even though debated how development would best be achieved, the idea as such was generally not critically assessed. Development institutions were seen as objective institutions with the technological knowledge necessary to move one society to the next level of development. The collection of data of these institutions in the so-called underdeveloped parts of the world involved the most intimate aspects of societies, and gave the idea of development content and meaning.



The article looks at the origin of Icelandic development aid and aims at contextualizing it within international ideas of aid. The discussion starts with overview of historical appearance of international development globally and its hegemonic position. It focuses then on how the idea of development takes shape in an Icelandic context at a particular period and how it was shaped by international discourses, as is for example reflected in increased pressure on the Icelandic government to initiate an aid institution. The establishment of Iceland's first governmental institutions focusing on aid in 1971 reflects still little interest by the Icelandic government at that time in international development. The article also shows how these international discourses become entangled with Icelandic nationalism, and thus the emphasis that the Icelandic nation-state would be engaged in international development.

**Keywords:** International development, developing countries nationalism, governmentality.

## Inngangur

Íslensk utanríkisþjónusta var sett á fót árið 1940 þegar tengsl Danmerkur og Íslands rofnuðu vegna þess að Þjóðverjar hernámu Danmörku. Alþjóðleg þróunarsamvinna hófst ekki formlega á Íslandi fyrr en árið 1971 með samþykkt laganna Aðstoð Íslands við þróunarlöndin (Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir 2008) og hafði framan af lítið vægi í íslenskri utanríkisstefnu (Baldur Þórhallsson 2005, 126). Í þessari grein fjalla ég um fyrstu skref Íslendinga í átt að þróunarsamvinnu og set þau í samhengi við alþjóðlega fræðilega umræðu um upphaf þróunarsamvinnu sem hluta eða þátt í því að endurskapa heiminn á hugmyndafræðilega róttækan hátt og með beinum athöfnum.<sup>1</sup> Upphaf þróunarsamvinnu er samofið framfarahugmyndum Evrópubúa en þær eiga rætur að rekja til endurreisnarinnar, sem færði smæstu einingar mannlífsins undir smásjá vísinda (Foucault 1991). Ég legg áherslu á að áhugi Íslendinga á þátttöku Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu fól í sér hugmyndir um hlutverk Íslands í samfélagi þjóðanna, og greinin kemur sem slík inn á mótun íslensks þjóðernis. Eins og fræðimenn hafa nú bent á um nokkra hríð afmarka hópar oft sjálfsmynd sína á sterkari hátt vegna tengsla sinna við aðra, frekar en að um einangrun sé að ræða (Barth 1969). Þetta dæmi sýnir jafnframt áhrifamátt alþjóðlegra stofnana í að móta umræðu og líf fólks í víða um heim

Fram til 1990 snerist gagnrýnin fræðileg umræða um þróunarsamvinnu að miklu leyti um misvægi milli norðurs og suðurs. Umræðan fór einkum fram á grundvelli heimskerfis- og tengslakenninga. Meginþungi hennar hvíldi á kapítalisma og heimsvaldahyggju sem undirrót ójafnar misskiptingar gæða í heiminum og þannig orsök vandamála fátækari hluta heimsins (Gunder Frank 1967; Wallerstein 1974). Eftir 1990 voru settar fram kenningar sem skoða á mun róttækari hátt en fyrr tilkomu hugmyndarinnar um „þróunarlönd“ sem ákveðinn veruleika. Fyrir áhrif frá franska heimspekingnum Michel Foucault var lögð áhersla á hvernig þróunarstofnanir höfðu skapað ákveðna sýn á veruleikann, sem og undirstrikuð tengsl þekkingar og valds

(Escobar 1995; Ferguson 1994). Slíkt sjónarhorn dregur það fram að „þróunarlönd“ verða til á ákveðnum tímapunkti sem tilgangur (e. *object*) þróunarsamvinnu (Bhuiyan, Faraizi og McAllister 2004:169). En einnig verða þróunarlönd ákveðin ímynd veruleikans sem mótar bæði einstaklinga, sem þróunarsamvinna snýr að, og þá sem vinna að þróunarsamvinnu (Escobar 1995).

Nánari útfærsla á tengslum valds og þekkingar má sjá í nálgunum sem leggja áherslu á þróunarsamvinnu út frá kenningum um hnattvæðingu (Edelman og Haugerud 1994, 3), og tengja jafnframt við hugtak Foucault „yfirvald“ (*governmentality*). Með hugtakinu leitaðist Foucault við að beina sjónum að því hvernig yfirráð eiga sér ekki einungis stað niður á við út frá ríkisvaldinu heldur séu ólíkar stofnanir jafnframt mikilvægar til að aga einstaklinga á ákveðinn hátt (Foucault 1991). Til að réttlæta yfirráð sín yfir einstaklingum styðjast margvíslegar stofnanir við skynsemishyggju (*rationality*) og tölulega þekkingu sem er í senn talin algild og hnattræn (Ilcan and Phillips 2010, 848). Gagnrýnin sýn á þróunarsamvinnu snýr þannig ekki eingöngu að því að smætta umheiminn í afsprengi „orðræðna“ og líta fram hjá raunveruleika þeirra, sem búa við fátækt, eins og oft er haldið fram (til dæmis Kiely 1999). Gagnrýnin nálgun leitast þvert á móti eftir að draga fram skýr tengsl á milli ástands heimsins og þess hvaða aðgerðir við „ímyndum“ okkur og höfum „ímyndað“ okkur í merkingu að séu mögulegar og æskilegar (Ilcan and Phillips 2010, 846). Arjun Appadurai (1996) hefur einmitt bent á að ímyndun er félagslegt afl með raunveruleg áhrif (bls. 5-7) Líta má þannig á að hugtakið „hugmyndafræðilegt forræði“ (*hegemony*) sé mikilvægt í slíku sambengi en í nálgun Antonio Gramsci (1971) vísar það til ósýnilegs forræðis og valdatengsla sem álitin eru eðlileg og náttúruleg, ólíkt hugmyndafræði (*ideology*) sem er sýnilegri og því umdeilanlegri (Comaroff and Comaroff 1992). Í þessu sambengi beinir hugtakið hugmyndafræðilegt forræði sjónum að því hvernig hugmyndin um þróun verður óumdeild á ákveðnu tímabili sem leið til að skilja stöðu ólíkra hluta heimsins. Þrátt fyrir að deilt hafi verið um leiðir að þróun eða útfærsla, byggir forræði hugmyndarinnar um þróun á því að hugmyndin sem slík er ekki skoðuð á gagnrýninn hátt. Nálgun mín í þessari grein byggir á ofangreindum hugmyndum sem leggja áherslu á menningarlegt og sögulegt sambengi hugmyndarinnar um þróun, sem hluta af stærri umbreytingum á 20. öld. Ég lít á þróunarsamvinnu í raun sem flókið fyrirbæri sem felur í sér marga þætti sem virkja einstaklinga undir merkjum alþjóðasamfélagsins og einstakrar þjóða. En þessir þættir fólu einnig í sér djúpa forræðishyggju í garð þeirra sem taldir voru vanþróaðir á einhvern hátt.

Í Evrópu hafa hugmyndir um þróun verið taldar mikilvægar allt frá miðri 19. öld og byggt á hugmyndaarfleifð upplýsingarinnar um framfarir sem mikilvægan þátt í hamingju og vellíðan einstaklingsins. Í kenningum félagsvísindamanna á seinni hluta 19. aldar og upphafi 20. aldar er lögð áhersla á það að mannleg samfélög fari í gegnum ólík stig þróunar, allt frá villimennsku til siðmenningar. Í hugmyndum ólíkra fræðimanna á þessum tíma má sjá slíka skiptingu í vanþróað eða einfalt samfélag annars vegar og þróað eða flókið samfélag hins vegar (Stocking 1987). Þannig var munur á milli samfélaga útskýrður með því að þau væru staðsett á ólíkum stöðum á þróunarskalanum (Ferguson 1997). Það er erfitt að líta fram hjá því hversu vel þróunarhyggjan

þjónaði hagsmunum nýlenduríkjanna með því að marka „nýlenduþý“ sem óupplýst og í þörf fyrir frekari siðvæðingu (Gardner og Lewis 2005). Efnahagslegur ávinningur nýlendnanna fyrir heimsveldið var mikilvægur en yfirráð nýlenduherranna voru einnig samofin trú þeirra á yfirburði Evrópu og þá kristilega skyldu Evrópumanna að uppfræða aðra hluta heimsins.

Greinin hefst á umfjöllunin um mótun alþjóðlegrar þróunarsamvinnu úti í hinum stóra heimi og hugmyndafræðilegt forræði hennar. Þar er fjallað sérstaklega um áhrif Matvæla- og Landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (Food and Agriculture Organization - FAO). Rakið er svo stuttlega hvernig viðfangsefnið „þróunarlönd“ birtist í íslensku samhengi og hvernig megi sjá áhrif frá alþjóðlegum straumum á umræðu og líf Íslendinga um fæðuöryggi úti í hinum stóra heimi og ábyrgð þjóðríkjanna í því samhengi, sem endurspeglast einnig í auknum þrýstingi á stjórnvöld að hefja þróunarsamvinnu. Að lokum er fjallað um nokkra þætti í fyrstu skrefum stofnunarinnar *Aðstoð Íslands við þróunarlöndin* sem sett var á fót 1971. Undirstrikað er hvernig umræða um þróunarsamvinnu er samofin íslenskri þjóðernishyggju og hvernig sú umræða er undir áhrifum frá alþjóðlegum stofnunum þar sem þau lönd, sem töldu sig þróuð, álitu það skyldu sína að koma hinum fátækari til bjargar. Heimildir greinarinnar byggja á textum frá skjalasöfnum og dagblöðum og má í því samhengi leggja áherslu á að henni er ekki ætlað að vera tæmandi úttekt á upphafi þróunarsamvinnu á Ísland heldur mun frekar að örva frekari áhuga á rannsóknum á þessu sviði.

## Alþjóðleg þróunarsamvinna í mótun

Innsetningarræða Harry Truman í forsetaembætti Bandaríkjanna árið 1949 mótaðist augljóslega af fyrri hugmyndum um framfarir og þróun (Nustad 2001). Engu að síður hefur ræðan löngum verið talin hafa mótað nýjan skilning á milli ólíkra heimshluta og hafa menn þá einkum litið til „fjórða atriðsins“ svokallaða (Rist 2002). Það er athyglisvert að samkvæmt fræðimanninum Gilbert Rist höfðu ræðuskrifarar Truman snemma komið sér saman um fyrstu þrjú atriðin í ræðunni, en undir lokin stungið upp á fjórða atriðinu sem snerist um að aðstoð Bandaríkjanna við Suður-Ameríku gæti einnig náð til annarra hluta heimsins. Eins og Rist bendir á var í ræðu Truman hugtakið „vanþróuð“ (*underdeveloped*) í fyrsta sinn notað um fátæk svæði í ræðu sem var dreift víða. Í anda þróunarkenninga var litið á vanþróun sem afleiðingu þess að ríkin hafi ekki gengið í gegnum sögulegar breytingar (Rist 2002). Rist bendir á að fjórða atriðið hafi verið samþykkt hikandi, en það varð strax að umtalaðasta hluta ræðunnar. Á svipuðum tíma fór hugtakið „þriðji heimurinn“ að sjást og má líta á það sem afsprengi kalda stríðsins þrátt fyrir að það byggji á eldri rótum (Kristín Loftsdóttir 2008).

Rist bendir á að ræða Trumans hafi verið mikilvæg á sínum tíma vegna þess að í henni er litið svo á að það sé hægt að þróa eitthvað áfram í stað þess að gera ráð fyrir að hlutir þróist eingöngu sjálfkrafa. Hér skiptir tímasetningin þó einnig máli því ræðan var flutt þegar raddir um sjálfstæði nýlendnanna voru að verða háværi. Segja má að því fylgdi ákveðið pólitískt tómarúm og þurfti að hugsa um stöðu nýlendnanna á nýjan hátt. Telja má að ræða Truman hafi gefið tóninn fyrir nýja leið til að hugsa um tengsl ólíkra heimshluta. Ræðu Truman var svo fylgt eftir með skýrslunni *Partners in*

*Progress: A Report to the President* sem var samin af þrettán sérfræðingum undir handleiðslu Nelsons Rockefeller árið 1951 og er hún því oft kölluð „Rockefeller skýrslan“. Markmið hennar var að kortleggja eðli og umfang þróunaraðstoðar Bandaríkjanna til fátækari hluta heimsins. Lögð var rík áhersla á mikilvægi einkaframtaksins í því að þróa önnur samfélög og jafnframt lögð áhersla á þróunarhjálp sem mikilvæga tryggingu fyrir því að fátæk lönd yrðu uppspretta hráefnis fyrir Bandaríkin. Þróunarhjálp væri enn fremur nauðsynleg til að stemma stigu við kommúnisma (Gardner 1951).

Þessi nýja áhersla á þróun krafðist þannig fræðilegrar útfærslu á því hvernig hrinda mætti henni í framkvæmd (Emerij 2002). Rosenstein-Rodal var einn af fyrstu hagfræðingunum sem glímdu við hvernig koma mætti á þróun í vanþróaða hluta heimsins en hann lagði áherslu á að á fyrstu stigum þróunar gæti fjárfesting verið of áhættusöm fyrir einstaka fjárfesta og því þyrfti öflugt skipulag stjórnvalda og miklar fjárfestingar (Emmerij 2002:247). Litið var til Marshall-aðstoðar eftirstríðsáranna og hún einnig talin gefa til kynna að lausnin gæti falist í að dæla inn fjármagni í þróunarlöndin. Hagfræðingurinn W. Arthur Lewis taldi að slíkt gæti flýtt fyrir tilfærslu vinnuafis frá landbúnaði yfir í iðnað og þannig hraðað stökki inn í nútímann (Petiteville 1998:116). Eins og félagsvísindamönnum var tamt að gera, taldi Lewis að þróun skapaði í raun *tvíþætt* samfélag sem væri annars vegar hefðbundið og hins vegar nútímalegt (Findlay 1980). Margir hagfræðingar þess tíma töldu að misrétti mundi aukast í upphafi þróunarferlisins en lagast síðar (Petiteville 1998:117). Harney Liebenstein taldi til dæmis að mikill ójöfnuður í tekjum einstaklinga gæti verið nauðsynlegur meðan unnið væri að því að örva fjárfestingar og sparnað (Emmerij 2002:249).

Ein þekktasta útfærsla á hugmyndum um vanþróun voru hugmyndir Walt Rostow sem hann setti fram í bók sinni *Stages of Economic Growth: A Non-Communist Manifesto* (1960). Undirtitill bókarinnar endurspeglar hvernig kalda stríðið mótaði þjóðfélags- umræðu á þessum tíma. Mikilvægi Rostow í þjóðfélagumræðu og stefnumótun helgast meðal annars af því að hann var áhrifamikill ráðgjafi John F. Kennedy Bandaríkjaforseta, sem tilkynnti árið 1961 stórauðna áherslu á þróunaraðstoð til fátækari landa (Easterly 2006). Í hugmyndum Rostows var lögð áhersla á að hægt væri að útrýma fátækt vanþróuðu landanna með því að breiða út boðskap frjálsrar markaðshyggju. Eins og þróunarkenningsmiðir félagsvísindanna á undan honum reyndi Rostow að greina stig sem öll þjóðfélög mannkyns hefðu gengið í gegnum. Hann lagði áherslu á tækniframfarir sem mikilvægan þátt í að færa þjóðfélög fram á við á leið sinni til nývæðingar (Porter og Sheppard 1998).

Sameinuðu þjóðirnar og undirstofnanir gegndu mikilvægu hlutverki í að fylgja eftir hugmyndinni um þróunarhjálp og gáfu út áhrifamiklar skýrslur þar sem sýnt var hvernig hrinda ætti þessari aðstoð í framkvæmd. Skýrsla Sameinuðu þjóðanna, *Measures for the Economic Development of Underdeveloped Countries*, frá sama ári og Rockefeller-skýrslan er talin hafa verið mikilvægt skref í því að breyta sýn Trumans í stefnu sem hægt væri að framkvæma (Gardner 1951; Þórdís Sigurðardóttir 1997, 229; Bhuiyan, Faraizi og McAllister 2004, 174). Greining Bhuiyan, Faraizi og McAllister á skýrslunni sýnir berlega þær þjóðhverfu hugmyndir, sem byggt var á, og hvernig þótti eðlilegt í anda hennar að breyta þjóðfélögum frá grunni. Í skýrslunni er því haldið fram að sú

Þróun sem náðst hefði í þróuðu lönduðum ætti að vera markmið annarra þjóða. Til útskýringar á því hvers vegna ákveðnar þjóðir væru svo fátækar sem raun bæri vitni (tekjur voru notaðar sem meginbreyta til að skipta heiminum í þróaðar og vanþróaðar þjóðir) var því haldið fram að framfarir væru aðeins mögulegar ef fólkíð sjálft gerði sér grein fyrir að þær væru mögulegar og ef maðurinn réði yfir náttúrunni. Til að ná fram þessari meðvitund þyrfti að breyta menningu og samfélagskipan þjóðfélaga „þriðja heimsins“ en það felur augljóslega í sér sterka forræðisbyggju (Bhuiyan, Faraizi og McAllister 2004, 173-174). Skýrsluhöfundar undirstrikuðu að það þyrfti að flytja inn tækni og þekkingu og breyta stjórnsýslu í takt við það sem tíðkaðist á Vesturlöndum. Sumum fannst þó að í skýrslunni væri lögð of mikil áhersla á félagslegt misrétti sem hindrun í þróunarferlinu eins og sjá má í grein frá *The Economic Journal* sem gefin var út í kjölfar skýrslunnar en í greininni segir að í upphafi hagþróunar geti áhersla á misrétti hindrað hagþróun (Bauer 1953:214). Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna er talið að mannmergð sé einn meginvandi þróunar og því þurfi að skoða þætti eins og frjósemi (Bhuiyan, Faraizi og McAllister 2004, 177). Amerískir vísindamenn, mannúðarsamtök og stjórnmálamenn höfðu unnið að málefnum sem tengdust fólksfjölda í áratugi. Nokkuð áhugavert er að í staðinn fyrir áhyggjur af fólksfækkun í Bandaríkjunum og Evrópu, sem höfðu átt hug fræðimanna, beindust sjónir nú að fólksfjölgun í þriðja heiminum. Til dæmis var talið að vandamálið við mannfjöldasprengjuna í Asíu væri ekki eingöngu það að hún gæti hamlað þróun, heldur það að þar væri komin upp hættuleg útungunarstöð fyrir kommúnista (Engh 2007). Í lokahluta skýrslunnar er fjallað um ábyrgð alþjóðasamfélagsins í að hrinda þessum áætlunum í framkvæmd (Bhuiyan, Faraizi og McAllister 2004: 181).

Stefna Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) endurspeglar greinilega samþættar áherslur á nývæðingu, sérfræðiþekkingu og töluleg gögn til þess að endurmóta heiminn. Phillips og Ilcan (2003) benda á að eftir seinni heimsstyrjöld var fæðuskortur í Evrópu og í kjölfarið miklar áhyggjur af fæðuöryggi. Eins og fyrr segir var mikil trú á Sameinuðu þjóðunum og mætti þeirra til að skapa betri og öruggari heim og fékk FAO í slíku umhverfi sterkt forræði. FAO tók umræðuna um fæðuöryggi út fyrir ramma þjóðríkjanna með því að leggja áherslu á hnattrænar þarfir og ábyrgð aðildarríkja í þeim efnum. Samkvæmt FAO var hlutverk aðildarríkjanna í raun að aðstoða þjóðríkin við að uppfylla ábyrgð sína gagnvart fæðuöryggi heimsins (Phillips og Ilcan 2003). FAO lagði í þessu tilliti áherslu á tæknilegar framfarir, sérfræðiþekkingu, þróun verslunar og það að safna gögnum til að reikna út og kortleggja flæði og hreyfingu hvers einstaks atriðis innan kerfisins sem sneri að fæðu, svo sem ólíkan þátt framleiðslunnar í mismunandi löndum, umfang viðskipta og þörf fyrir næringu (Phillips og Ilcan 2003, 445-447).

### Tilkoma hugmyndarinnar um þróunarlönd í íslensku samhengi

Til að greina hvenær þessi nýja hugmynd kom fram í íslenskum raunveruleika er áhugavert að skoða umræðu íslenskra fjölmiðla á þessum tíma. Í *Morgunblaðinu* er fjallað um ræðu Trumans strax morguninn eftir flutning hennar árið 1949 og þar er

minnst á fjórða atriði hennar. Þrátt fyrir að Truman noti orðasambandið *underdeveloped areas* í ræðunni er það ekki þýtt með hugtakinu „vanþróun“ eða „vanþróuð svæði“. Einfaldlega er sagt að Bandaríkin muni „nota endurbættar vísinda- og framleiðsluleiðir til þess að örva framkvæmdir í þeim löndum þar sem *þróunin hefur orðið á eftir*“ („Bandaríkin stefna að“ 1949, 21. janúar).<sup>2</sup> Árið 1950 má sjá hugtakið „vanþróun“ koma fyrir í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um 32. Alþjóðavinnuálagningið í Genf árið 1949 þegar talað er um „aðstoð til ríkja, sem eru styttra á veg komin í þróun efnahags- og félagsmála“. Þar er greint frá því að Alþjóðavinnuálastofnunin, ein af undirstofnun Sameinuðu þjóðanna, hafi um langt skeið sent „sérfræðinga sína til að leiðbeina og aðstoða ríkisstjórnir í vanþróuðum ríkjum á sviði efnahags- og félagsmála.“ (Þingskjal 581. 1950-1951: 921-2). Hugtakið virðist einnig lítið hafa verið notað á Alþingi fyrir árið 1960 en þá skýtur það upp kollinum í tengslum við umræður um frumvarpið um hina Alþjóðlegu framfarastofnun. Nafnið, The International Development Association, er þýtt sem Framfarastofnun í frumvarpi til laga um þátttöku Íslendinga í stofnuninni sem bendir til þess að hugtakið „þróun“ sem þýðing á „development“ hefði náð lítilli fótfestu (Þingskjal 183. 1960-1961, 431). Í nefndaráliti um frumvarp til laga um þátttöku Íslands í stofnuninni má einnig sjá að í þýðingu samningsins úr ensku á íslensku eru orð eins og „less-developed countries“ þýtt sem „lönd sem skammt eru á veg komin“ og „economic development“ þýtt sem „efnahagslegar framfarir“ (Þingskjal 321. 1960-1961: 903). Í lagafrumvarpinu sjálfu er ekki heldur notast við hugtakið „vanþróun“, þess í stað er vísað til ríkja sem „skemmra voru á veg komin í efnahagsþróun sinni“ (Þingskjal 183. 1960-1961: 432; sjá umræðu í Kristín Loftsdóttir 2008).

Hugtakið virðist ekki hafa verið notað mikið í fjölmiðlum fyrsta áratuginn eftir ræðu Trumans því við athugun á texta *Morgunblaðsins* og *Þjóðviljans* fann ég hugtakið „vanþróun“ fyrst notað árið 1958.<sup>3</sup> Hér útiloka ég ekki að hugtakið hafi birst fyrir þann tíma, enda skiptir kannski ekki meginmáli hvaða ár það var nákvæmlega fyrst notað, heldur að eftir 1958 megi iðulega sjá tilvísun til vanþróunar og þróunarlanda, sem var ekki eða lítið sýnileg áður.

Þegar hugmyndin um „vanþróun“ fer að birtast í íslenskum prentmiðlum er hún mjög bundin orðræðu þeirrar tvíhyggju sem einkenndi tíma kaldastríðsins þar sem *Morgunblaðið* og *Þjóðviljinn* eru fulltrúar tveggja andstæðra fylkingaa. Sem dæmi má nefna að í lokaorðunum um ræðu Trumans frá 1949 má sjá þetta samhengi þegar greint er frá því að forsetinn hafi sagt að „kommúnisminn stæði í vegi fyrir tilraunum frjálsra þjóða, til að vinna að endurreisn heimsins og varanlegum friði“ (*Morgunblaðið* 1949). Þegar hugtakið vanþróun er notað í fréttum *Þjóðviljans* má sjá ádeilu á arðrán nýlenduvelldanna (*Þjóðviljinn* 1962) og áhyggjur af viðskiptakjörum vanþróaðri hluta heimsins (*Þjóðviljinn* 1964; *Þjóðviljinn* 1963). Engu að síður er umfjöllun þessara tveggja fjölmiðla um margt keimlík að því leyti að „vanþróaði“ hluti heimsins birtist sem ápreifanlegur veruleiki sem virðist alltaf hafa verið til. Til þess að skapa tilfinningu fyrir þessum veruleika nota báðir miðlarnir tölfræðilegar upplýsingar þar sem ástand mismunandi heimshluta er borið saman. Árið 1960 er í *Þjóðviljanum* talað um baráttu Sameinuðu þjóðanna gegn hungri og því spáð að mikil aukning á mannfjölda verði í þeim löndum sem eru „efnahagslega vanþróuð“ (*Þjóðviljinn* 1960). Fyrirsögn greinar

úr *Morgunblaðinu* árið 1963 er á þessa leið: „Jarðarbúum fjölgar árlega um rúmar 60 milljónir“ og í framhaldi af tölfræðiupplýsingum er talað um framlag ólíkra þjóða til hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna og stöðu atvinnumála í „Þróunarlöndunum“ (*Morgunblaðið* 1963).

### Þróunarsamvinna sem verkefni þjóðríkis

Í anda nývæðingar lögðu þróunarstofnanir fram á áttunda áratug síðustu aldar áherslu á stór iðnaðar- og landbúnaðarverkefni sem og eflingu hagvaxtar. Í upphafi áttunda áratugarins kom fram gagnrýni á þessar áherslur þróunarstofnana og hvernig gert hafði verið ráð fyrir að fjármagn mundi einhvern veginn „leka niður“ til þeirra sem minna máttu sín. Aukin áhersla var því lögð á jafnari tekjudreifingu og tækifæri fyrir fátækari hluta þróunarríkjanna. Allan Hoben (1982) hefur bent á að ólíklegt sé að þessi sjónarmið hefðu öðlast jafn miklinn hljómgrunn og raun bar vitni nema vegna hernaðar Bandaríkjamanna í Víetnam en andóf gegn honum skapaði rými fyrir mannúðlegri og frjálslýndari gildi í bandarísku samfélagi en áður höfðu tíðkast (bls. 357). Einnig bendir Þórdís Sigurðardóttir á að sjöunda áratugurinn einkenndist af almennt hagstæðari þróun efnahagsmála þar sem hagvöxtur var mikill og utanríkisverslun vaxandi en efnahagsástandið varð aftur á móti erfiðara um miðjan áttunda áratuginn (Þórdís Sigurðardóttir, 1997, 235-237).

Mikill þrýstingur var frá almenningi á Íslandi á sjöunda áratugnum um að íslenska ríkið tæki að sér formlega þróunarsamvinnu í ætt við það sem tíðkaðist á hinum Norðurlöndunum. Fjársafnanir voru í gangi svo sem til stuðnings fórnarlömbum hungursneyðarinnar í Biafra og einnig var skorað á íslenska ríkið að samþykkja lög um þróunarsamvinnu.<sup>4</sup> Þó má einnig greina í þessum umræðum áhyggjur af íslensku efnahagsástandi sem gekk í gegnum mikla erfiðleika á þessu tímabili.<sup>5</sup>

Samtökin *Herferð gegn hungri* voru framarlega í hópi þeirra sem töldu mikilvægt að ríkið tæki að sér hlutverk í þróunarsamvinnu en samtökin voru stofnuð fyrir atbeina Æskulýðssambands Íslands og Íslensku FAO-nefndarinnar. Eins og Steinunn Hrafnisdóttir hefur bent á byggja frjáls félagasamtök af ýmsu tagi á rótgróinni hefð í íslensku samfélagi (Steinunn Hrafnisdóttir, 2008). FAO hafði um nokkurt skeið staðið fyrir herferð undir nafninu *Freedom from hunger* og var unnið að fjáröflun í ólíkum löndum fyrir herferðina. Í bréfi samtakanna til fræðslumálastjóra kemur fram að íslenska nefndin vinni að svipuðum verkefnum og í sama anda og framkvæmdanefndir í öðrum ríkjum (Þjóðskjalasafn Íslands).<sup>6</sup> Þekktir einstaklingar úr íslensku samfélagi voru í stuðningsnefnd nefndarinnar, svo sem Ármann Snævarr, rektor Háskóla Íslands, Benedikt Gröndal, Bjarni Benediktsson og Halldór K. Laxness svo dæmi séu tekin. Allir formenn íslensku stjórnmalaflokkanna voru í stuðningsnefnd sem sýnir þá samstöðu sem þetta verkefni skapaði. Herferð gegn hungri starfaði upphaflega frá árinu 1965 sem nefnd innan Æskulýðssambands Íslands en varð í september 1969 að sjálfseignarstofnun.<sup>7</sup>

Árið 1965 stóð Herferð gegn hungri til dæmis fyrir kvöldvöku í Bæjarbíói í Hafnarfirði þar sem safnað var fé.<sup>8</sup> Á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október, 1969 var farið af stað með mikla fræðsluherferð á svokallaðri fræðsluvöku þar sem greinar þýddar og frumsamdar



voru birtar í dagblöðum, og efni í sjónvarpi og útvarpi var tileinkað þessari viku. Einnig voru kvöldvökur í Reykjavík og samkvæmt fréttatilkynningu í *Morgunblaðinu* minnstust prestar landsins á vanda þróunarlandanna í ræðum sínum. Jafnframt var gert ráð fyrir að allir skólastjórar landsins mundu minnast dags Sameinuðu þjóðanna á einhvern hátt (Þjóðviljinn 1969; Tíminn 1969). Allir aðilar virðast hafa tekið vel í beiðni Herferðar gegn hungri sem sýnir greinilega þann meðbyr sem samtökin höfðu úti í samfélaginu.<sup>9</sup> Hann endurspeglast einnig í því að árið 1966-1967, gekk söfnunin mun betur en áætlað hafði verið eins og fram kemur í fréttabréfi Herferðar gegn hungri. Í heild söfnuðust 9.307.667,82 krónur, eða 49 krónur. á hvern Íslending.<sup>10</sup> Þessi upphæð var þrefalt það sem í upphafi hafði verið áætlað að myndi safnast. Sá mikli áhugi sem var á hjálparstarfi á þessum tíma endurspeglast einnig í því að árið 1969 voru lögð fyrstu drög að stofnun Hjálparstofnunar kirkjunnar en hún var formlega stofnuð árið 1970 og stóð fyrir stórfelldum söfnunum næstu tvö árin, meðal annars vegna hungursneyðarinnar í Biafra.<sup>11</sup>

Mikilvægt markmið Herferðar gegn hungri virðist einnig hafa verið, eins og fyrr segir, að þrýsta á að lög væru sett um opinbera þróunaraðstoð. Fréttatilkynning frá 1969 um fræðsluviku samtakanna segir til dæmis að markmiðið sé að opna augu fólks fyrir mikilvægi þess að „við Íslendingar, sem eru framanlega í hópi ríku landanna“, eins og það er orðað í fréttinni, veitum árlegt framlag frá hinu opinbera. Greinarhöfundur leggur áherslu á að til þess þurfi löggjöf (Þjóðviljinn 1969). Ragnar Kjartanson, formaður Æskulýðssambands Íslands, sagði í viðtali við hann og Skúla Möller framkvæmdastjóra Herferðar gegn hungri, að verja ætti vissum hluta þjóðarframleiðslunnar til hjálparstarfs: „Okkar tillaga er fyrst og fremst sú, að það verði sett hér löggjöf um íslenskan hjálparsjóð, og til hans verði veitt fé á fjárlögum“ (Morgunblaðið 1969a). Þetta var jafnframt ítrekað með áskorun til Alþingis og ríkisstjórnarinnar árið 1969 undir fyrirsögninni „Áskorun unga fólksins á alþingi og ríkistjórn“ en í áskoruninni segir: „Leggjum þeim lið. Við viljum löggjöf um aðstoð við fátæku þjóðirnar“ (Vísir, 1969a). Samkvæmt frétt *Vísis* neitaði útvarpið einni af þremur auglýsingum samtakanna, á þeirri forsendu að það „samræmdist ekki reglum útvarpsins um auglýsingar þar sem í henni felst eindregin áskorun á Alþingi og ríkisstjórn að sinna þessum málum.“ Talsmaður samtakanna sagði að þeir væru ekki „hneykslaðir“ á því að auglýsingarnar fengjust ekki birtar (Vísir 1969b). Herferðinni fyrir áskoruninni átti í kjölfarið að beinast að almenningi og í fréttinni segir að síðar muni herferðinni vera fylgt eftir og eru skólafélög nemendafélaganna tekin sem dæmi um mögulegar leiðir til eftirfylgni (Vísir 1969b). Slík áskorun var þó langt frá því að vera nýmæli eins og kemur fram í fyrirspurn Magnúsar Kjartanssonar árið 1968 um það hvort ríkistjórnin ætli að taka það að sér að skipuleggja aðstoð Íslendinga við fátækri þjóðir og verja til hennar 1% af þjóðartekjum. Magnús talar þar um áskorun á degi Sameinuðu þjóðanna sem var undirrituð af 125 einstaklingum frá ólíkum flokkum og stéttum, og bendir á að nú um nokkur ár hafi hliðstæðar áskoranir verið samþykktar af mörgum félagasamtökum, bæði innan og utan stjórnamálaflökkanna (Alþingi 1968a).

Í „Æskan og framtíðin“, æskulýðssíðu *Morgunblaðsins*, sem var kennd við Samband ungra sjálfstæðismanna í fyrirsögn, er herferðin titluð í fyrirsögn sem „Herferð gegn hungri og fávísku.“ Þar segir að:

[v]ið Íslendingar erum þess vel megnugir að senda hóp ungra, sérþjálfaðra manna til að taka þátt í því víðtæka og göfuga starfi að kenna og hjálpa vanmáttugum að hjálpa sér sjálfir. – Þó svo að sú hjálp sé vanþróuðum ríkjum hvað mikilægust og undirstöðumest, gæti íslenskur æskulýður að sama skapi áorkað miklu með víðtækum söfnunum undir kjörorðinu „herferð gegn hungri“ því að hver er svo innrættur að hann vilji ekki leggja hönd á plóginn þegar um er að tefla líf eða dauða lítilla, saklausra barna, þó af öðrum litarhætti séu og í fjarlægum löndum búi (Morgunblaðið 1964).

Með ávarpinu má sjá myndir af „hvítum“ Bandaríkjamönnum að störfum með þurfandi þjóðum og einnig þrjár myndir af litlum börnum. Eitt þeirra horfir yfir drykkjarbollann sinn biðjandi augum, annað situr með, að því sem virðist, tóma skál og horfir upp á við alvarlegt á svip á meðan það þriðja situr skelfilega vannært á jörðinni. Undir stendur: „Hver vill ekki leggja hönd á plóginn til hjálpar þessum börnum?“ (Morgunblaðið 1964). Í anda kalda stríðsins var þessari grein svarað í *Æskan* og sósíalisminn í *Þjóðviljanum* og þar er lögð áhersla á að „sjálfsögðu“ finni þeir til þess sama og við hin þegar þeir sjá myndir af sveltandi börnum, en þeir séu ekki sammála um hvaða leiðir skuli fara. Greinahöfundur gagnrýnir harðlega arðrán „auðvaldsþjóða“ á þróunarlöndunum en undirstrikar þó að hann telji að stofnanir Sameinuðu þjóðanna séu vissulega best til þess fallnar að sinna þessu hlutverki innan núverandi skipulags. Þrátt fyrir að efnistökin kafi dýpra en hjá ungum sjálfstæðismönnum að því leyti að talað er um ósanngjörn vöruskipti og verslunarpólitík vesturveldanna, eru þau þó ekki síður bundin í orðræðu kaldastríðsáranna. Hér má sjá enduróm af áherslu sósíalista á átök ólíkra stétta þar sem þeir líta þó á þróunarlöndin sem jafn áþreifanlegan veruleika og þeir sem umfjöllun þeirra gagnrýnir. Mynd, sem fylgir greininni af röð dráttavéla sem halda inn í höfuðborg Burma, endurspeglar áhersluna á tæknivæðingu sem lykil að framförum. Undir myndinni stendur: „Þrátt fyrir það að kapítalísku nýlenduveldin beri ábyrgð á hörmungunum í þróunarlöndunum hafa sósíalísku ríkin hlaupið undir bagga og veitt þeim margvíslega aðstoð“ (Þjóðviljinn 1964). Þessar tvær greinar frá andstæðum fylkingum stjórnmála endurspeгла vel hvernig þriðji heimurinn hafði fengið hugmyndafræðilega skýrt inntak og hvernig fyrrum nýlendur höfðu fengið hugmyndafræðilega stöðu sem þróunarríki. Þrátt fyrir að staðsetja sig á öfugum enda í tvíhyggju vinstri og hægri er í hvorugri greininni rifjaður upp nýlendutíminn né því velt upp hvort ástandið í löndum þessa nýja veruleika – þriðja heimsins – geti á einhvern hátt verið afleiðing hans. Hjá báðum miðlum virðist tæknivæðing og sérfræðibekking vera lausnin á „vandamálum“ fátækari hluta heimsins.

Í mörgum greinum frá þessum tíma má sjá að vísað er til hagsmuna Íslands í þessu samhengi og til þjóðareinkenna Íslendinga. Í fyrrnefndri grein í *Æskan* og framtíðin segir að það geti ekki „talizt samræmanlegt stolti og oft stórhug okkar Íslendinga að láta smæð okkar í samburði við stærri og völdugri þjóðir draga úr okkur kjark né hefta okkur í aðgerðum við að leggja hönd á plóginn til aðstoðar þeim sem minna mega sín“ (Morgunblaðið 1964). Grein um ráðstefnu FAO hvað varðar herferðir stofnunarinnar *Freedom from Hunger* segir að þrátt fyrir að íslensk æska hafi „beitt sér í upphafi fyrir

baráttunni gegn hungri“ var það þó „þjóðin öll sem á þann heiður, sem ráðstefna þessi sýndi Íslandi í hvívetna. Framlag okkar er hið stærsta sem enn hefur verið látið í té í einu landi sé miðað við höfðatölu. En þótt íslenska þjóðin sé tekin sem sértakt dæmi fyrir fórnfýsi sína og örlæti megum við ekki láta hér staðar numið...“ (Vísir 1966). Í umræðu um sömu ráðstefnu má sjá svipaðan texta í Fréttablaði Herferðar gegn Hungri þar sem sagt er: „Ísland var fyrsta landið í heiminum, þar sem æskan sjálf beitti sér í upphafi fyrir baráttunni gegn hungri“, en þó er ítrekað að það sé öll íslenska þjóðin sem eigi þakkir skildar.<sup>12</sup> Ragnar Kjartanson, formaður Æskulýðssambands Íslands, segir að mistök annarra þjóða megi ekki „verða til þess að fresta því að íslenska þjóðin taki afstöðu til þess, hvort hún hyggst gerast virkur þátttakandi í hinum ýmsu sameiginlegu málum þjóðanna, ellegar hvort hún ætlar að velja sér hlutskipti einangraðs sjónðapurs áhorfanda“ (Morgunblaðið 1969b). Hér er áhersla lögð á samúð með fólki í fjarlægum löndum sem á um sárt að binda en einnig má greina að hér líta viðkomandi aðilar svo á að um sé að ræða tækifæri fyrir Íslendinga til að sýna hvað í þeim býr í anda sjálfstæðisbaráttu 20. aldar.

Þó má einnig sjá áherslu á beina hagsmuni Íslendinga í þessu samhengi. Í fréttabréfi Herferðar gegn hungri frá 1967 er talað um að hvað varðar féð sem kemur úr söfnunum hafi það „sjónarmið [...] verið ríkjandi að helzt ættum við að taka að okkur fiskiræktaræða fiskveiðaverkefni, sem meginverkefni, því slík verkefni myndu að nokkru tengd okkar atvinnuvegi“. Utanríkisráðuneytið og Fiskifélagið segja í skýrslu að skynsamlegt hafi verið að velja verkefni í Nígeríu því Nígería sé gott viðskiptaland Íslands, að því leyti að viðskiptin séu eingöngu á þann veg að Íslendingar selji vöru þangað en kaupi ekkert.<sup>13</sup>

## Upphaf opinberrar þróunarsamvinnu

Ólafur Björnsson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn, flutti vorið 1965 tillögu til þingsályktunar þar sem hann lagði til að kannað yrði „með hverju móti Ísland geti tekið virkari þátt, en nú er í því að veita þróunarlöndunum aðstoð til eflingar efnahagslegum framförum þar“ (Alþingi 13. nóvember, 1968). Í kjölfarið var skipuð nefnd undir stjórn Ólafs Björnssonar og skilaði hún bráðabirgðaálitni ári síðar þar sem lagt var til að Ísland mundi skipa stjórn til að fjalla um þetta mál og að jafnframt yrði gert ráð fyrir 15 milljónum af fjárlögum fyrir þennan málaflokk (Alþingi 13. nóvember, 1968). Það var þó ekki fyrr en 1970 sem flutt var á Alþingi frumvarp til laga um „Aðstoð Íslands við þróunarlöndin“.

Fimm menn voru kosnir í stjórn stofnunarinnar og voru það þeir Ólafur Björnsson prófessor, dr. Gunnar Schram, Jón Kjartansson forstjóri, Ólafur R. Einarsson menntaskólakennari og Örlygur Geirsson fulltrúi eins og þeir eru titlaðir í ódagsettri skýrslu frá stofnunninni. Stjórnin tók til starfa fljótlega eftir að lögin tóku gildi og komu á fót skrifstofu við Lindargötu 46 sem var til að byrja með opin einn dag í viku, þriðjudaga frá kl. 13-17. Stjórnin hélt jafnframt reglulega fundi og byrjaði á að kalla saman þá aðila sem höfðu komið að aðstoð í þágu þróunarlanda. Í ódagsettri skýrslu er sagt að á þessum fundum hafi verið „skipzt á skoðunum um starfsvið stofnunarinnar og væntanlegri samvinnu hennar við þessa aðila“.<sup>14</sup>

Augljóst er að stofnunin glímdi við mikla fjárhagserfiðleika allt frá upphafi og það virðist hafa mótað starf hennar töluvert ef marka má gögn. Lögin um stofnunina voru samþykkt í apríl 1971, rúmum þremur mánuðum eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1971. Hún hafði því enga fjárveitingu og er nokkuð erfitt að sjá hvernig hana mátti starfrækja án þess að íslenska ríkið legði nokkurt fé til starfseminnar. Í skýrslu til fjárveitinganefndar 31. maí 1972 segja Ólafur Björnsson og Örlygur Geirsson á nokkuð varfærinn hátt að þetta hafi „auðvitað hamlað starfseminni mjög, en stjórnin hélt þó allmarga fundi á árinu og reyndi eftir föngum að leggja drög að starfsemi stofnunarinnar í framtíðinni“. <sup>15</sup> Stofnunin bað svo um 25 milljónir fyrir árið 1972 en fékk eingöngu brot af þeirri upphæð eða 3 milljónir og hlýtur það að hafa verið henni mikil vonbrigði.<sup>16</sup> Ólafur bað margsinnis um hærri fjárframlög til stofnunarinnar og má í bréfi einu, dagsettu 31. maí, 1972, sjá útskýringar Ólafs til utanríkisráðuneytisins á því af hverju það hafi gildi fyrir Íslendinga að taka þátt í aðstoð við þróunarlöndin. Þar leggur hann áherslu á að það sé ekki „nóg“ að leggja eingöngu eitthvað af mörkum til alþjóðlegra stofnana heldur þurfi Ísland að taka þátt á sjálfstæðan hátt til að efla sinn hag og þróunarlandanna á sviðum eins og í viðskiptum og menningamálum. Hér reynir Ólafur að leggja áherslu á að þróunarsamvinna snúist ekki eingöngu um hagsmunum þiggjanda heldur einnig veitanda. Í sama bréfi bregður Ólafur upp áhugaverðri mynd af þróunarlöndum sem vaxandi sjálfstæðu afli og staðsetur í því samhengi Ísland sem land sem eigi marga sameiginlega hagsmunum með þróunarlöndum. Hann segir:

„Þriðji heimurinn“ er völdugt og vaxandi afl í öllum alþjóðlegum samskiptum. Þróunarlöndin eru nú þegar í miklum meiri hluta á þingi Sameinuðu þjóðanna og innan flestra stofnana þeirra. Þó við Íslendingar höfum náð miklu herra stigi efnahagslegrar þróunar en þessar þjóðir, þá fara hagsmunir okkar og þeirra í mörgu saman, en af því leiðir að í mörgum hagsmunamálum okkar getum við vænst meiri skilnings af þeirra hálfu en stórveldanna, og er landhelgisdæmið nærtækt dæmi.

Hér er litið á „þróunarlöndin“ sem gerendur í stað óvirkra þiggjanda eins og oft var í umræðu þessa tíma. Orð Ólafs fela því í sér ákveðið fráhrarf frá tvíhyggju þörnum ‘okkur’, þ.e. efnadar, þróaðrar þjóðir og „hinir“, þ.e. fátækar, vanþróaðar þjóðir.

Þröngur fjárhagur stofnunarinnar var mikilvægt atriði þegar leitast var eftir því að taka þátt í samnorræni aðstoð. Utanríkisráðuneytið fékk bréf frá hinum ráðuneytunum á Norðurlöndunum þar sem þau óskuðu eftir að samið væri um hlutdeild Íslands í kostnaði við aðstoðina og að Ísland myndi taka afstöðu til þess hvort það mundi óska eftir aðild að samningum sem þegar hefðu verið gerðir.<sup>17</sup> Hvað varðar fyrri atriðið taldi stjórnin á fundi þann 2. maí árið 1972 að eðlilegt væri að miða við framlag Íslands til Norðurlandaráðs og stofnana þess sem og við skiptingu kostnaðar vegna norræna menningarsáttmálans. Síðara atriðið taldi stjórnin að skoða þyrfti betur áður en hún tæki endalega afstöðu.<sup>18</sup> Á fundinum sagði Ólafur stjórninni jafnframt að „hann myndi fara í öðrum erindum til Kaupmannahafnar strax eftir hvítasunnu, og tjáði hann sig þá reiðubúinn til þess að ræða málið við danska aðila og ennfremur að fara snögga ferð til Stokkhólms, þar sem aðalstöðvar þessara samtaka eru, og ræða málið við forstöðumenn

þeirra“. Hvergi kemur fram hvort Ólafur hafi hér verið að bjóða utanríkisráðuneytinu að nýta ferð sem hann var að fara í einkaerindum eða hvort ferðalag hans hafi verið tengt starfi hans sem prófessors við Háskóla Íslands. Stjórnin óskaði eftir að ráðuneytið veitti honum þetta umboð og óskaði líka eftir að aukakostnaður Ólafs væri greiddur vegna þessa en „sá kostnaður getur ekki numið meiru en fáeinum þúsund króna, eða aðeins broti af því sem kosta myndi að senda mann utan þessara erinda“.<sup>19</sup>

Á stjórnarfundinum var það einnig rætt að kannski gæti einhver starfsmaður íslensku sendiráðanna á Norðurlöndunum orðið fulltrúi Íslands ef það þyrfti að taka þátt í nefndarskipun sem fjallaði um málið. Ef til vill gæti Ólafur kannað þetta og „hver áherzla er lögð á þetta af hálfu hinna Norðurlandanna“.<sup>20</sup> Hér var það aftur kostnaðurinn sem stjórnin hafði áhyggjur af.

Ólafur fór svo utan og átti viðræður við fulltrúa danska utanríkisráðuneytisins í Kaupmannahöfn þann 25. maí og daginn eftir við fulltrúa sænska utanríkisráðuneytisins í Stokkhólmi. Í fylgd með honum var Haraldur Kröyer, sendiherra. Eins og Ólafur bendir sjálfur á í bréfi 6. júní 1972, sem stílað er á utanríkisráðuneytið, óskuðu þessir fulltrúar eftir að skipuð yrði nefnd eða starfshópur með fulltrúum allra Norðurlanda sem mundu ræða skilyrði fyrir þátttöku Íslands fyrir Norðurlandasamstarfinu. Ólafur leggur á það áherslu að Ísland vilji gjarnan komast hjá „þeim kostnaði, sem leiða myndi af því að senda mann að heiman til þátttöku í slíkum nefndarstörfum og spurði að því hvort eigi gæti komið til greina að fela slíkt einhverjum starfsmanni sendiráðanna á Norðurlöndum“.<sup>21</sup> Þeim finnst það vel koma til greina og spyr Ólafur þá Harald Kröyer hvort hann megi stinga upp á honum við utanríkisráðuneytið. Haraldur tekur vel í þetta.<sup>22</sup> Það má geta sér þess til að Ólafur hafi áður verið búinn að minnast á þetta við Harald enda hafði stjórnin rætt um að slíkt væri ákjósanlegt fyrirkomulag og mögulega var Haraldur þess vegna í för með Ólafi til að byrja með. Ólafur minnst aftur á kostnaðinn í bréfi sínu 6. júní, þegar hann segir að í viðræðum þeirra Haraldar við Svíana hafi komið fram að nefndin eða starfshópurinn ætti ekki að þurfa halda nema einn til tvo fundi, þannig „að okkar kostnaður við þátttöku í þessu ætti að verða mjög óverulegur, jafnvel þótt fundirnir yrðu annarstaðar en í Stokkhólmi“.<sup>23</sup>

Eins og fyrr var tekið fram höfðu Íslendingarnir miðað við að kostnaður þeirra yrði í samræmi við hlutfall framlaga Íslands til Norðurlandaráðs og stofnanir þess þar sem reglan var sú að Ísland lagði til 1.0% heildarframlags. Danirnir og Svíarnir bentu Ólafi og Haraldi hins vegar á að framlögum væri skipt í hlutfalli við framlög ríkjanna til Sameinuðu þjóðanna og gátu Svíarnir sér til að hlutur Íslands yrði út frá slíkri skiptireglu þá 1.3.% eða nokkuð hærri en Íslendingarnir höfðu gert ráð fyrir. Þetta hljóta að hafa verið vonbrigði en Ólafur segir engu að síður að „[þ]ar sem varla verður til þess ætlast, að tekin verði upp alveg ný skiptiregla vegna aðildar Íslands að samstarfinu, verður að mínu áliti varla um annað að ræða en að fallast á þetta“.<sup>24</sup>

Niðurstaðan varð sú að stofnunin varð aðili að tveimur norrænum verkefnum, öðru í Kenía og hinu í Tansaníu. Mikill áhugi virðist hafa verið á þessum störfum því 58 sóttu um störf í þessum löndum. Hér vekur athygli að eingöngu þrjár konur sóttu um og voru tvær af þeim ógiftar en ein fráskilin og endurspeglar þetta augljóslega stöðu kvenna í íslensku samfélagi á þessum tíma. Við lestur umsóknanna sést að þær ein-

kennast oft af einlægni sem ef til vill er samofin lítilli reynslu við að sækja um störf erlendis. Þetta endurspeglast jafnframt í því að sem svar við kröfu um mynd af umsækjendum hefur einn umsækjandinn sett mynd af sér og ungri dóttur sinni á meðan nokkrir aðrir hafa látið fylgja með mynd af sér í faðmi fjölskyldunnar. Í einni umsókninni hefur umsækjandi skrifað texta sinn á íslensku.

Flestir nefna ævintýraþrá sem ástæðu þess að þeir hafi sótt um en nokkuð margir minnst einnig á laun og löngun til að hjálpa öðrum sem oft er sett fram í samhengi við þrána eftir að prófa eitthvað nýtt og öðruvísi. Sumir segja beint út að launin séu það sem heilla eins og eftirfarandi tilvísanir úr nokkrum umsóknum endurspegla: „Generous salary offered,“ „The salary is greater than I can hope for in Iceland“ og „The case is; - that I am building a home for my family, and to tell the truth need some financing“. Oft fléttast þessar ástæður saman eins þessir tveir textar endurspegla: „I am interested in the proplems of Africa and want to help. Besides it gives money“ og: „The reason for my application is a desire to help other people to help themselves. Also the possibilies to see other countries, get to know people in foreign countries and their way of living.“

Áhuginn á því að upplifa eitthvað nýtt er einn aðalhvati margra umsóknanna. Einn umsækjandi vísar í þekkt ljóð eftir Tómas Guðmundsson og er þá íslenskri tilvísuninni skotið inn í enskan texta umsóknarinnar: „Curiosity: What is different and what is alike in the lands and the people of Iceland and Kenya. An Icelandic poet has said: „Hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu“.“ Aðrir umsækjendur segja: „I realize that to fully comprehend a different culture you have to be a part of it – live in it and work in it. I feel this job offers that opportunity“. „Interested to try something new and to get to know other countries“ og „I am interested in foreign countries and people and would like to try my abilities in cooperative work“. Einn umsækjandinn leggur áherslu á gagnkvæmni með þeim orðum að hann sé menntaður kennari og geti lært eitthvað af fólki í Kenía um lífið og í staðinn vonast hann til að geta kennt þeim eitthvað á móti.

Staða þeirra sjö sem völdust til þessara starfa virðist hafa verið mjög óljós og margir þættir sem sneru að þeirra störfum virðast ekki fyllilega hafa verið ákveðnir áður en þeir voru ráðnir. Starfsmennirnir sjö sendu sameiginlega fyrirspurn til Ólafs um réttindi sín. Bréfið er ódagsett en stílað á nefndina Aðstoð Íslands við þróunarlöndin og þar er vísað í fund sem haldinn var 15. október, líklega árið 1973 þótt ekkert ártal sé nefnt. Fundinn sátu allir þeir sem ráðnir höfðu verið ásamt eiginkonum sínum. Undir bréfið skrifar Óskar Ó. Óskarsson og biður um skriflegt svar nema annað sé talið æskilegt af hálfu nefndarinnar. Bréfið samanstendur af 12 fyrirspurnum sem snúa meðal annars að skattlagningu tekna þeirra og réttarstöðu, m.a. hvort þeir teljist opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir gagnvart íslenska ríkinu og hvort utanríkisráðuneytið beri einhverja ábyrgð á þeim.<sup>25</sup> Líklega hafa þeir ekki fengið svar við fyrirspurn sinni því næsta bréf er mun formlegra en það er dagsett 4. desember 1973 og undirritað af S. Sigurlinnasyni.<sup>26</sup> Þar vísar hann til bréfs til nefndarinnar frá miðjum október með nokkrum fyrirspurnum um för þeirra erlendis og vill biðja um að nefndin svari þessu á næstu dögum því ferðin „stendur fyrir dyrum

nú innan skamms“. Eitt af þeim málum sem hann tekur upp í bréfinu er skattur sem þeir eiga að greiða af tekjum sínum erlendis: „Haft er eftir Guðmundi Skaftasyni hjá ríkisskattsjóra að erlendar atvinnutekur Íslendinga séu skattskyldar, nema þeir sleppi íslenzku ríkisfangi. Óviðunandi væri ef Danida [Þróunarsamvinnustofnun Danmerkur] þyrfti að endurgreiða stóran hluta framlags Íslands til þróunarlandanna vegna þess arna, en starfsamningar þeirra hljóða upp á skattfrjálsar tekjur“. Í bréf frá Skattstofu Reykjavíkur sent til Ólafs er fjallað um þetta mál. Þar segir Halldór Sigfússon, sem skrifar undir, að erindi bréfsins sé vegna fyrirsögnar varðandi skattgreiðslur sjö manna sem fara til Tansaníu og Kenía. Niðurstaða bréfsins er í stuttu máli að „ekki munu talin vera rök til þess, að veita þessum aðilum ívilnun í skattgreiðslum. Ef einhver mannanna kys að skila ekki framtali fyrr en eftir brottför getur hann fengið frest frá skattstofu til þess“.<sup>27</sup>

## Umræða og lokaorð

Nýlegar kenningar um þróunarsamvinnu gera grein fyrir því hvernig hugmyndin um þróunarlönd varð til um miðja 20. öld. Skýrsla Sameinuðu þjóðanna *Measures for the Economic Development of Underdeveloped Countries* setur þriðja heiminn undir eftirlit með því að brjóta upp ólíka þætti samfélagskipunar sama hvort um er að ræða framleiðslu eða uppbyggingu fjölskyldunnar, rétt eins og gert er ráð fyrir í hugmyndum um yfirvaldið í útfærslu Foucault (Bhuiyan, Faraizi og McAllister 2004, 186). Úrvinnsla tölulegra upplýsinga sem náðu um persónulegustu þætti manlegs samfélags voru mikilvægar til að staðsetja samfélög á gildishlöðnum stiga þróunar og gáfu þannig hugmyndinni um þróunarlönd áþreifanlegt inntak. Ólík samfélög víða um heim voru þannig sett undir sama hatt sem „þróunarlönd“ og almennt skilgreind út frá skorti eða vöntun út frá þjóðhverfum stöðlum Vesturlanda. Tækni var talinn lykilþáttur framfara. Lítið var á þróunarsamvinnustofnanir sem hlutlaus fyrirbæri sem höfðu yfir að ráða tæknilegri sérfræðiþekkingu sem færa myndi samfélög frá einu stigi þróunar yfir á annað. Á áttunda áratugnum fór að birtast á alþjóðlegum vettvangi hörð gagnrýni á umfangsmikil verkefni þróunarsamvinnustofnana sem höfðu tekið lítið eða ekkert tillit til aðstæðna þeirra sem verkefnin sneru að, samhliða vaxandi vísbendingum um að verkefnin hefðu ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að (Þórdís Sigurðardóttir 2007, 236). Afleiðingar þessara verkefna, eins og þeirra sem sneru að matvælaframleiðslu, fólu oft í sér róttæka umbyltingu á þjóðfélögum, lífi einstaklinga og lífsafkomu. Fræðimenn hafa lagt áherslu á að hungursneyðir stafi í raun ekki af vöntun á fæðu heldur pólitískum þáttum sem snúa að aðgengi einstaklinga að fæðu (Lappe, Collins, Rosset og Esparza 1998; Sen 1983).

Áhugavert er að sjá áhuga almennings á því að Ísland hefji þróunarsamvinnu á seinni hluta sjöunda áratugarins. Bjartsýni virðist almennt hafa einkennt sýn almennings, þrátt fyrir að vissulega megi einnig greina gagnrýni eins og endurspeglast til dæmis í umræðum á Alþingi um frumvarp um fyrstu þróunarsamvinnu (Alþingis- tíðindi, 85 löggjafabing).

Ilcan og Phillips (2008) hafa bent á að kenningar um yfirvald hafa lengst af beint

sjónum að ríkisvaldinu og því hvernig ólíkar stofnanir þess móta hegðun samfélagsþegna út frá ákveðnum markmiðum með því að styðjast við tölulega og tæknilega þekkingu (bls. 716). Taka má undir orð þeirra um mikilvægi þess að rannsaka nánar hvernig vald alþjóðlegra stofnana fær og viðheldur forræði og virkjar aðrar stofnanir og einstaklinga. Í slíku ljósi er áhugavert að staðsetja Ísland í tengslum við alþjóðlegar stofnanir og gera sér grein fyrir hvernig þær síðarnefndu mótuðu umræðu og áherslur í íslensku samhengi. Áhugi Íslendinga á áttunda áratugnum á því að taka þátt í alþjóðlegri þróunarsamvinnu endurspeglast vel í þeim meðbyr sem *Herferð gegn hungri* hafði í íslensku samfélagi og í gegnum þau samtök tóku Íslendingar þátt í alþjóðlegu átaki gegn hungursneyð í fjarlægum heimshlutum. Að mörgu leyti má útskýra þennan áhuga Íslendinga með trú þeirra á vald tækninnar til að leysa hin ýmsu vandamál og forræði hugmyndarinnar um vanda þróunarlanda sem fyrst og fremst tæknilegt úrlausnarmál. Hér þarf þó að varast að líta á hugmyndafræði almennt sem algjörlega úrlausu lofti gripna. Eins og Michael Burawoy (2000) bendir á í tengslum við umræðu um hnattvæðingu verður hugmyndafræði áhrifamikil vegna þess að hún skírskotar til hversdagslífs fólk og talar til reynslu þess (bls. 342). Í því ljósi má vísa til áhrifamáttar fjölmiðla í því að kynna þróunarlönd til sögunnar sem áþreifanlegan veruleika sem mátti mæla og bera saman við aðra hluta heimsins, sem og að kynna markmið þróunarsamvinnu og leiðir að þeim. Samhliða má einnig vísa til upplifunar Íslendinga af sjálfum sér sem sjálfstæðri þjóð og hvernig Íslendingar voru í auknum mæli farnir að ímynda sér og upplifa sig sem hluta af víðara alþjóðlegu samhengi um leið og þeir byggðu upp sína eigin ímynd á grundvelli sjálfstæðis. Þannig byggir áhersla á þróunarsamvinnu einnig á þjóðernishugmyndum um Íslendinga sem hluta af efnaðri löndum heimsins og mikilvægi þess á alþjóðlega vísu að Íslendingar taki þátt í að hlúa að verra settum hlutum heimsins. Góður árangur söfnunarinnar og áhugi hlýtur að hafa ýtt undir sýn fólks á eigið þjóðerni sem „stórhuga“ og trú á að það ætti sér hlutverk í alþjóðlegu samfélagi. Sem slík var þróunarsamvinna þáttur í ábyrgð Íslands sem hluti af „þróðu“ og síðuðu samfélagi.

Hér má þó einnig leggja áherslu á að markmið einstaklinga sem taka þátt í þróunarsamvinnu voru margvísleg og ekki hægt að smætta í hugmyndafræðilegt forræði hugmyndarinnar um vanþróun. Í upptalningu þeirra sem sóttu fyrstir um að starfa opinberlega að þróunarsamvinnu í nafni Íslands, á ástæðum þess að þeir sóttu um störf, endurspeglast vel margþættar ástæður einstaklinga fyrir því að taka þátt í þróunarsamvinnu. Þar má sjá þrá einstaklinga til að brjótast út úr sínu hversdaglega umhverfi, bæta fjárhagslega stöðu sína og viljann til að gera öðrum gott. Alþjóðleg þróunarsamvinna var leið sem gerði þessum einstaklingum mögulegt að ná fram slíkum markmiðum. Áhersla þeirra sem stóðu að *Herferð gegn hungri* var samofin sýn þeirra á að Íslendingar ættu að sýna umheiminum hvað þeir gætu gert. Bréf Ólafs frá 31. maí 1972, sem áður var fjallað um, endurspeglar jafnframt áherslu á mikilvægi þess fyrir Íslendinga að taka þátt í þróunarsamvinnu, þá meðal annars út frá hagsmunum þeirra á alþjóðavettangi. Umræða Ólafs í sama bréfi, sem beinir sjónum að sameiginlegum hagsmunum þróunarlanda og Íslands, endurspeglar einnig hvernig hugmyndir einstaklinga eru mótaðar af mörgum ólíkum orðræðum og hugmyndafræðilegum



straumum.

Áhugavert er að stjórnvöld virðast ekki hafa séð sínum hagsmunum best borgið með virkri þátttöku í þróunarsamvinnu, eins og kemur berlega fram í þeim lágu fjárframlögum sem reidd voru fram til stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Þrátt fyrir mikinn áhuga almennings virðist opinber þróunarsamvinna á fyrstu árunum hafa hvílt að mest leyti á herðum þeirra sem að stofnunni Aðstoð Íslands við þróunarlöndin stóðu og jafnframt virðist áhugi stjórnvalda á því að greiða götu þeirra, sem fyrstir hófu störf innan þróunarsamvinnu, vera lítill. Starf Ólafs Björnssonar virðist þannig að miklum hluta hafa helgast af því að glíma við stjórnvöld í þeim efnum og reyna að sýna fram á mikilvægi þess að efla stofnunina. Geta má sér þess til að í huga almennings hafi trúin á mikilvægi Íslands sem þjóðar á meðal þjóða verið mikilvæg sem og sú sýn að íslenska þjóðríkið ætti að sinna sínum skyldum á sama hátt og önnur vestræn ríki.

## Aftanmálgreinar

- <sup>1</sup> Gagnaöflun fyrir greinina átti sér stað með styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Einnig vil ég þakka Sigurði Ágússyni, meistaraneva við Háskóla Íslands, fyrir aðstoð við hluta af gangaöflun.
- <sup>2</sup> Leturbreyting er mín.
- <sup>3</sup> Leitað var eftir leitarorðum á tímarit.is og því mögulegt að hugtakið hafi komið fyrir í einstaka blöðum fyrir þann tíma. Leitað var í Morgunblaðinu og Þjóðviljanum.
- <sup>4</sup> Sjá til dæmis í umræðum fyrirspurn Magnúsar Kjartansson á Alþingi árið 1968 (Alþingi 1968a)
- <sup>5</sup> Sjá til dæmis umræður á Alþingi 13. nóvember. 1968 (Alþingi 1968b).
- <sup>6</sup> Bréf til fræðslumálastjóra frá samtökunum Herferð gegn hungri, dagsett 5. ágúst, 1965. Þjóðskjalasafn Íslands. Menntamálaráðuneytið. Fræðslumálaskrifstofa 1986 –BA/50, mappa: „Herferð gegn hungri. Árin 1965-1969”.
- <sup>7</sup> 1.tbl., 5 september, 1965. Þjóðskjalasafn Íslands. Menntamálaráðuneytið. Fræðslumálaskrifstofa 1986 –BA/50, mappa „Herferð gegn hungri. Árin 1965-1969”.
- <sup>8</sup> Sjá auglýsingu í Morgunblaðinu, 26. nóvember, 1965 (Morgunblaðið 1965).
- <sup>9</sup> Sjá bréf í Menntamálaráðuneytið. Fræðslumálaskrifstofa 1986 –BA/50, mappa „Herferð gegn hungri. Árin 1965-1969. Þjóðskjalasafn Íslands.
- <sup>10</sup> Fréttabréfi HGH (1. maí 1967), Menntamálaráðuneytið. Fræðslumálaskrifstofa 1986 –BA/50, mappan „Herferð gegn hungri. Árin 1965-1969”. Þjóðskjalasafn Íslands.
- <sup>11</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, Kassi 220, 1: Bréf frá Hjálparstofnun kirkjunnar, dagsett 12. júlí, 1972.
- <sup>12</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Herferð gegn hungri fréttir, 1966. Í Menntamálaráðuneytið. Fræðslumálaskrifstofa 1986 –BA/50, mappa „Herferð gegn hungri. Árin 1965-1969”.
- <sup>13</sup> Þjóðskjalasafn Íslands. Skýrsla Utanríkisráðuneytis og Fiskifélagsins. Menntamálaráðuneytið. Fræðslumálaskrifstofa 1986 –BA/50, mappan „Herferð gegn hungri. Árin 1965-1969”.
- <sup>14</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, Kassi 220, 1.
- <sup>15</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, Kassi 220, 1: Bréf til fjarveitinganefndar 31. maí, 1972.
- <sup>16</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, Kassi 220, 1: Ódagsett skýrsla stofnunarinnar til utanríkisráðuneytisins.
- <sup>17</sup> Sjá umræður í bréfi 9. maí, 1972. Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, Kassi 220, 1.
- <sup>18</sup> Bréf 9. maí 1972 og 2. maí, 1972. Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, Kassi 220, 1.
- <sup>19</sup> Bréf 9. maí 1972 og 2. maí, 1972. Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, Kassi 220, 1.
- <sup>20</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, kassi 220, 1: Bréf, 9. maí, 1972.
- <sup>21</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, kassi 220, 1: Bréf 6. júní, 1972.
- <sup>22</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, kassi 220, 1: Bréf 6. júní, 1972.
- <sup>23</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, kassi 220, 1: Bréf 6. júní, 1972.
- <sup>24</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, kassi 220, 1: Bréf 6. júní, 1972.
- <sup>25</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, kassi 220, 1: Ódagsett ljósrít.

<sup>26</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, kassi 220, 1: Bréf frá 4. desember, 1973.

<sup>27</sup> Þjóðskjalasafn Íslands, Utanríkisráðuneytið, kassi 220, 1: ódagsett bréf.

## Heimildir

Alþingi (1968a). Sótt 17. júní, 2011 af slóðinni:

[http://www.altinget.is/alte\(xt/gomulraeda.php4?rnr=3626&lthing=89&dalkur=20630](http://www.altinget.is/alte(xt/gomulraeda.php4?rnr=3626&lthing=89&dalkur=20630)

Alþingi (1968b), Sótt 17. júní, 2010 af:

[http://www.altinget.is/alte\(xt/gomulraeda.php4?rnr=3628&lthing=89&dalkur=20632](http://www.altinget.is/alte(xt/gomulraeda.php4?rnr=3628&lthing=89&dalkur=20632)

Alþingistíðindi, 85 löggjafarþing, B-1,(Reykjavík) dlk.13: 13–18.

Appadurai, A. (1996). *Modernity at large: Cultural dimensions of globalization*. Minneapolis: University of Minnesota Press.

Baldur Þórhallsson, (2005) „What Features Determine Small States' Activities in the International Arena? Iceland's Approach to Foreign Relations until the mid-1990s“, *Stjórnmal og stjórnsýsla* 1(1):107-140.

Barth, Fredrik. 1969. *Ethnic groups and Boundaries: The Social Organization of Cultural Differences*. Oslo: Universitetsforlaget.

Bauer, P. T. (1953). „The United Nations Report to the Economic Development of Under-Developed Countries“, *The Economic Journal* 63(249):210-222.

Bhuiyan, Abul Hossain Ahmed; Aminul Haque Faraizi, Jim McAllister. 2004. „Treatises of Development: The Context of Developmentalism in Bangladesh“, *Alternatives: Global, Local, Political* 29(2):169-197.

Burawoy, Michael (2000). „Grounding Globalization“, í M. Burawoy, J. A. Blum, S. George, Z. Gille, T. Gowan, L. Haney, M. Klawiter, S. H. Lopez, S. Ó. Riain, M. Thayer (ritstj.), *Global Ethnography: Forces, Connections, and Imaginations in a Postmodern World*. (Bls. 337-350). University of California Press.

Comaroff, J. og Comaroff, J. (1992). *Ethnography and the Historical Imagination*. Boulder: Westview Press.

Easterly, W. (2006). *The White Man's Burden: Why the West Efforts to Aid the Rest have Done So Much Ill and So Little Good*. New York: Penguin Books.

Edelman, Marc og Angelique Haugerud. (1994). „Introduction: The Anthropology of Development and Globalization“, í M. Edelman og A. Haugerud (ritstj.) *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical Political Economy to Contemporary Neoliberalism*. Oxford: Blackwell Publishing.

Engh, Sunniva (2007) „Worlds apart? Scandinavian Aid Agencies and Women in Development“, í Christina Folke Ax, Anne Folke Henningsen, Niklas Thode Jensen, Leila Koivunen og Taina Syrjamaa (ritstj.), *Encountering Foreign Worlds – Experiences at home and Abroad* (bls. 145-164). Háskólaútgáfan.

Emmerij Louis (2002) Aid as flight forward. *Development and Change*, 33(2): 247-260.

Escobar, A. (1995). *Encountering Development: The Making and Unmaking of the Third World*. Princeton, New Jersey: Princeton University Press;

Ferguson, James. (1997). „Anthropology and Its Evil Twin: 'Development' in the Constitution of a Discipline“, í F. Cooper og R. Packard (ritstj.), *International Development and the Social Science* (bls. 150-175). Berkeley: University of California Press.

Ferguson, James (1994). *The Anti-Politics Machine*. Minneapolis: University of Minnesota Press.

Findlay, Ronald 1980. On W. Arthur Lewis' Contribution to Economics. *Scandinavian Journal of Economics*, 82(1):62-79.

Foucault, Michel (1991). „Governmentality“, í Graham Burchell, Colin Gordo og Peter Miller *The Foucault effect: studies in governmentality*, (bls. 87-104). Chicago: University of Chicago Press.

Gardner, K. og Lewis D. (2005). „Beyond Development?“ í M. Edelman og A. Haugerud (ritstj.), *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical Political Economy to Contemporary Neoliberalism* (bls. 352-360). Malden: Blackwell Publishing.

Gardner, Richard N. 1951. [án titils]. *The Yale Law Journal*, 60(6):1056-1063.

Gramsci, A. (1971). *Selection from the Prisons Notebooks*. New York: International Publishers.

Gunder Frank, André (1967). *Encountering Development: The Making and Unmaking of the World*. Princeton: Princeton University Press.

Hoben, Allan (1982). „Anthropologists and Development“, *Annual Review of Anthropology*, Vol. 11:349-375.

Ilan, Suzan and Lynne Phillips (2008). „Governing through Global Networks: Knowledge Mobilities and Participatory Development“, *Current Sociology*, 56(5):711-734.

Kiely, R. (1999). „The Last Refuge of the Noble Savage? A Critical Assessment of Post-Development Theory. *The European Journal of Development Research* 11(1), 30-55.

Kristín Loftsdóttir. (2008). „Þróunarland verður til: Tilkoma hugmyndarinnar um þróunarlönd á Íslandi“,

- Rannsóknir í Félagsvísindum VIII.* (Gunnar Jónsson ritstj.). Félagsvísindastofnun, Háskóli Íslands.
- Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir. 2008. „Í nafni mannúðar og menningar: Vald, kyn og atbeini í íslenskrri þróunarhjálp“, í Valur Ingimundarson (ritstj.), *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007*, (bls. 177-202). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Lappe, Frances Moore; Joseph Collins, Peter Rosset and Luis Esparza. 1998. *World Hunger: Twelve Myths*. Grove Press;
- Morgunblaðið* (1949) „Bandaríkin stefna að friði og frelsi allra þjóða“, 21. janúar, bls. 1-2.
- Morgunblaðið* (1963) „Jarðarbúum fjölga árlega um rúmar 60 milljónir“, 23. október, bls. 12.
- Morgunblaðið* (1964). „Íslenskt æskufólk leggi eitthvað af mörkum“, 31 júlí, bls. 8.
- Morgunblaðið* (1965). 26. nóvember, bls. 11.
- Morgunblaðið* (1969a). „Heimsókn á hungurvöku“, 9. apríl, bls. 19.
- Morgunblaðið* (1969b). „Áhorfendur eða þátttakendur“, 2. apríl.
- Nustad, K. G. (2001). „Development: the devil we know?“, *Third World Quarterly*, 22(4), 479-489.
- Petiteville, Franck (1998) Three mythical representations of the state in development theory. *International Social Science Journal* 50(155):115-124.
- Phillips, Lynne and Suzan Ilcan (2003) „‘A World free from Hunger’: Global Imagination and Governance in the age of Scientific Management“, *Sociologia Ruralis*, 43(4): 434-453.
- Porter, P. W. og Sheppard, E. S. (1998). *A World of Difference: Society, Nature, Development*. New York og London: The Guilford Press.
- Rist, G. (2002). *The History of Development: From Western Origin to Global Faith*. London og New York: Zed Books.
- Sen, Amartya. (1983). *Poverty and Famines: An Essay on Entitlement and Deprivation*. Oxford: Oxford University Press.
- Stocking, G. W. Jr. (1987). *Victorian Anthropology*. New York: The Free Press
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2008). „Frjáls félagsamtök og sjálfbærniástand á Íslandi“. Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir (ritstjórar), *Stjórnun og rekstur félagsamtaka*, 2008, bls. 21-41. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Tíminn* (1969) „Dagur Sameinuðu þjóðanna í dag“, 24. október, bls. 2.
- Vísir* (1966) „Starf Herferðar gegn hungri mun verða aukið“, 5. ágúst, bls. 7
- Vísir* (1969a) 2. apríl, bls. 7.
- Vísir* (1969b) „Útvarpið neitaði Herferð gegn hungri um áskorunarauglýsingu til yfirvalda“, 15. febrúar, bls. 13.
- Wallerstein, Immanuel (1974). *The Modern World System*. New York Academic Press.
- Þingskjal 581. 1950-1951, bls. 921-2.
- Þórdís Sigurðardóttir 1997. „Spor þróunarsamvinnu: Orðræða og aðgerðir“, í Jónína Einarisdóttir og Þórdís Sigurðardóttir (ritstj.). Bls. 228-249. *Afríka sunnan Sabara í brennidepli*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þingskjal 183. 1960-1961, bls. 431
- Þingskjal 321. 1960-1961, bls. 903.
- Þjóðviljinn* (1960) „Aðeins sjötti hluti mannkyns fær nægilega fæðu.“ 14. ágúst, bls. 5.
- Þjóðviljinn* (1963) „Þróunarlöndin töpuðu 850 milljörðum árin 1955-61.“ 30 maí, bls. 6.
- Þjóðviljinn* (1962) „Efnahagsbandalagið hindrar efnahagsþróun Asíuríkjanna.“ 29. september, bls. 11.
- Þjóðviljinn* (1964) „Sýndarmennska og aðstoðin við hin vanþróuðu lönd.“ 6. ágúst, bls. 6.
- Þjóðviljinn* (1969) „HGH efnir til fræðsluviku til að kynna verkefni sín.“ 24. október, bls. 12.